


TILLAGA AÐ DEILSKIPULAGSBREYTINGU VIÐ KIRKJUTEIG 24, LAUGARNESSKÓLI



Hluti af gildandi deiliskipulagi Teigahverfis mkv.1:1000 samþykkt í borgarráði 16. maí 2019.

Tillaga að breytingum

Í deiliskipulagsbreytingunni er verið að bæta við færanlegum stofum og koma fyrir yfirbyggðu hjólaskýli á núverandi bílastæði í norðvesturhluta lóðarinnar, auk þess sem skilgreind hjólastæði verða við aðalinnangang skólans til norðurs.

Greinargerð - gildandi deiliskipulag

Í gildi er heildarskipulag Teigahverfis samþykkt í borgarráði 16.05.2019 (með síðari breytingum). Síðasta samþykkt deiliskipulagsbreyting var samþykkt í skipulagsráði 19. júlí 2019. En sú tillaga gerir ráð fyrir stækkun á byggingu leikskólans frá sjö deildum upp í átta deildir á tveimur hæðum að hluta til. Hluti þaks á fyrstu hæð yrði notað sem leiksvæði barnanna. Færanlegu kennslustofurnar á sama reit yrðu fjarlægðar. Norðan megin við leikskólabygginguna yrði gert nýtt leiksvæði fyrir nemendur í Laugarnesskóla og börn í leikskólanum Hofi. Við lóðarmörk leikskólans í austur yrði gert nýtt leiksvæði fyrir nemendur Laugarnesskóla og börn í leikskólanum Hofi.

Texti úr gildandi deiliskipulagi fyrir Kirkjuteig 24.

Lóð Kirkjuteig 24, grunnskólalóð er 23.127m² að stærð. Á lóðinni er gert ráð fyrir að vernda skólabygginguna einnig er gert ráð fyrir tveimur byggingareitum, reit (A) og reit (B). Aðrar eldri byggingar á lóðinni má fjarlægja. Byggingareitur (A) gerir ráð fyrir stækkun skólans, tveggja hæða skólabyggingu með kjallara og lágu risi. Innan byggingareits (B) má koma fyrir bráðabirgðakennslustofum með kjallara.

Boltagerði

Mörkin eru 3 m. á breidd og 2 m. á hæð. Girðing er umhverfis völinn og verður hann upplýstur inn á við með allt að 8 m. háum ljósstaurum. Lýsing er skermuð af og beint inn á grasvöllinn. Girðingin umhverfis völinn er allt að 1.2 m. á hæð á langhlíðum og er hæst 3 m. fyrir miðjum velli við mörkin.

Lóð Gullteig 19, leikskóli-núverandi ástand


Leikskólalóðin er 4.595 m². Heildarstærð núverandi leikskólabyggingar er 650 m² en heimilt byggingarmagn er 2100 m² og heimild til að byggja allt að tveggja hæða leikskólabyggingu þar sem hluti af þaki 1. hæðar yrði nýtt sem leiksvæði. Hæð byggingarinnar getur verið allt að 7,0 m auk þess sem leyfilegt er að setja þakplugga í miðja byggingu allt að 2,0 m upp úr þaki.

Bílastæði

Gert er ráð fyrir a.m.k. 60 bílastæðum sem samnýtt eru af báðum lóðunum - auk 12 bílastæða, sleppistæða og stæði vegna vörumóttöku á norðurhluta lóðarinnar.

NÚVERANDI ÁSTAND

HEITI	LÓÐ FM	NOTKUN	BYGGINGARMAGN	NHL
Kirkjuteig 24	23020	SKÓLI	5803	0,26
Gullteigir leikskólinn Hof	4595	LEIKSKÓLI	2100	0,46



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi mkv. 1:1000

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Í tillögunni er lagt til að fjölga færanlegum kennslustofum um tvær á byggingareit B. Auk þess að koma fyrir yfirbyggðu hjólaskýli nýrst á bílastæði Laugarnesskóla. Bílastæðum fækkar við það um 5 bílastæði. Afmarkaður reitur er einnig fyrir hjólastæði við inngang skólans norðanmegin. Ekki er gert ráð fyrir yfirbyggðum hjólastæðum þar. Hafa skal í huga að úrfærsla á yfirbyggðum reiðhjólageymslum að þær skyggi ekki á ásýnd skólans.

Helstu stærðir skv. tillögu að deiliskipulagi

Núverandi byggingarmagn lóðar Kirkjuteigs 24, grunnskólalóð, er 5803 m² en verður 6360 m². Eftir að færanlegar stofur og hjólaskýli verða byggð á lóðinni. Byggingareitur fyrir færanlegar kennslustofur er nú 2200 m² en stækkar um 395 m². Hámarkshæð á nýjum færanlegum kennslustofum verður 4,3 m. Heimilt byggingarmagn er aukið úr 412 m² í 600 m². Hámarkshæð á yfirbyggðum hjólastæðum verður 4,3 m. Byggingareitur fyrir hjólaskýli nýrst á bílastæði verður 90 m². Reitur fyrir hjólastæði á skólatorgi Laugarnesskóla verður 330 m². Þau hjólastæði eru ekki yfirbyggð.


DEILISKIPULAGSBREYTING

HEITI	LÓÐ FM	NOTKUN	BYGGINGARMAGN	NHL
Kirkjuteig 24	23020	SKÓLI	6100	0,27
Gullteigir leikskólinn Hof	4595	LEIKSKÓLI	2100	0,46

Bílastæði

Bílastæðum á bílplani Laugarnesskóla fækkar um fimm vegna hjólaskýlis. Fyrirkomulag annars óbreytt. Gert er ráð fyrir a.m.k. 55 bílastæðum sem samnýtt eru af báðum lóðunum - auk 12 bílastæða, sleppistæða og stæði vegna vörumóttöku á norðurhluta lóðarinnar.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR FYRIR TILLÖGU

- BYGGINGARREITUR (A)
- BYGGINGARREITUR (B) FYRIR BRÁÐABIRGÐAKENNSLUSTOFUR
- BYGGINGARREITUR (C) FYRIR GERVIGRASVÖLL
- BYGGINGARREITUR (D)
- LÓÐAMÖRK
- VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGAR
- BRÁÐABIRGÐAHÚSNÆÐI BYGGINGAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA
- GÖNGUSTÍGUR
- SVÆÐI SEM BREYTINGIN TEKUR TIL
- REITUR FYRIR HJÓLASTÆÐI
- REITUR FYRIR YFIRBYGGÐ HJÓLASTÆÐI

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á emb. atg. f. skipulagsfulltrúa þann 11. júní 2021.

Tillagan var grenndarkynt frá 7. maí 2021 með athugasemdafresti til 8. júní 2021.

Auglýsing um gjaldstöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnarráðsins þann 15. júlí 2021.

Bláa Húsið Staðgreinir 0-1-1363301
 Hönnuð/teiknuð: Anna María Benediksdóttir
 Samþykkt:

Verk	Deiliskipulagsbreyting	Teikn nr.	1
v/Gullteig 19/Kirkjuteig 24			
Leikskólinn Hof		1:1000	
Laugarnesskóli			
Teiknað/hannað	AMB	Dags.	28.01.21
		A2	
Ósk Soffía Valtýsdóttir Anna María Benediksdóttir Gréta Þórsdóttir Björnsson		arkitekt FAI arkitekt FAI arkitekt FAI	041161-2649 041265-3969 280386-2279
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000			